



Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Haldinn laugardaginn 26. febrúar 2011 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

## FUNDARGERÐ

Mættir voru 11 (fundarmenn rituðu nöfn sín í aðalfundargerðarbók).

### 1. Fundarsetning.

Árni Hjartarson formaður félagsins setti fundinn og kynnit fundarstjórnann, Kristínu Svavarsdóttur fyrrv. formann HÍN, sem fundargestir samþykktu einróma. Kristín greindi frá því að löglega hafi verið boðað til hans með auglýstri dagskrá í félagsbréfi sem og á heimasíðu HÍN og með tölvupóstum til félagsmanna. Hilmar J. Malmquist var kjörinn fundarritari.

Gengið var til dagskrár aðalfundar samkvæmt fundarboði.

### 2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2010.

Árni Hjartarson formaður HÍN gerði grein fyrir skýrslu HÍN f.h. stjórnar (hjálagt).

**Stjórnarfundir.** Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn HÍN haldið 9 venjubundna stjórnarfundir. Flestir þeirra voru haldnir í húsakynnum Náttúruminjasafns Íslands í Loftskjástöðinni gömlu við Suðurgötu. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum, öðrum en formannsstarfinu. Esther Ruth Guðmundsdóttir var varaformaður, Hilmar Malmquist ritari, Kristinn Albertsson gjaldkeri, Ester Ýr Jónsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður (nýtt embætti) og Rannveig Guicharnaud meðstjórnandi.

**Félagsmenn.** Fjöldi félagsmanna 26.02.2011 var 1314 en við síðasta aðalfund 1284 skv. bókum félagsvarðar. Í félagið gengu 58 en alls hættu 28 (þar af dóu 5). Fjölgunin er því 30 manns.

**Fræðsluerindi.** Haldnir voru 6 fræðslufundir á árinu í stofu 132 í Öskju. Árið áður voru þeir um skeið í Menntaskólanum við Sund en húsnæðið í H.Í. endurheimtist fyrir tilstilli góðra manna innan veggja háskólans. Aðsókn á erindin var góð en alls sóttu fundina 333 manns.

**Náttúrufræðingurinn.** Um langt árabil hefur útgáfa Náttúrufræðingsins verið á eftir áætlun svo það munaði meira en heilu ári. Fyrir fjórum árum var ákveðið að gera markvisst átak og

draga inn þennan hala. Það tókst nú um áramótin þegar 80. árgangur 3-4. hefti kom út. Undanfarið hafa yfirleitt komið út tvöföld hefti af ritinu og meira að segja eitt fjórfalt. Nú er stefnt að því að gefa út einföld hefti þannig að fjögur stök hefti komi út á þessu ári. Ekki er víst að þetta takist eða að félagið hafi efni á þessu en tilraunin er hafin. Alltaf má þó stíga skrefið til baka. Áætlað var að fara í kynningar- og auglýsingarherferð fyrir tímaritið en ekki tókst að fjármagna hana sem skyldi.

**Ráðning ritstjóra.** Breyting varð á málum ritstjóra Náttúrufræðingsins. Eftir að farið var að launa það starf hefur Náttúrufræðistofnun Íslands og síðar Náttúrufræðistofa Kópavogs undir hatti Kópavogsbæjar styrkt félagið í þeim efnum. Á síðasta ári varð ljóst að félagið yrði eitt að standa straum af launakostnaði og starfsmannahaldi. Því var samið sérstaklega við ritstjóran Hrefnu B. Ingólfssdóttur um að gegna starfinu áfram sem starfsmaður HÍN. Starfshlutfall ritstjórans er 67%. Samningurinn gildir út þetta ár.

**Aðalfundur Náttúrufræðistofnunar.** Formaður var beðinn um að halda ávarp á ársfundi Náttúrufræðistofnunar hvað hann gerði. Fulltrúi félagsins, félagsvörðurinn, var einnig viðstaddir þegar ný húsakynni stofnunarinnar á Urriðaholti í Garðabæ voru formlega tekin í notkun í desember. Þar á félagið hagsmuna að gæta því birgðir þess af bókum og tímaritinu eru geymdar þar.

**Fræðsluganga.** HÍN stóð fyrir fræðslugöngu um slóðir félagsins og náttúrugripasafns á Menningarnótt í Reykjavík laugardaginn 21. ágúst. Safnast var saman við gömlu Loftskæptastöðina við Suðurgötu þar sem Náttúruminjasafn Íslands er til húsa. Síðan var gengið milli húsa og lóða sem tengjast náttúrugripasafni og sögu þess og endað í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Leiðsögumenn voru Guðjón Friðriksson sagnfræðingur og Helgi Torfason, forstöðumaður Náttúruminjasafnsins.

**Samskipti við mennta- og menningarmálaráðherra.** Fulltrúar stjórnar HÍN, þeir Árni Hjartarson, Hilmar J. Malmquist og Jóhann Þórsson, hittu Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra í ráðuneytinu mánudaginn 25. okt 2010. Auk þess sátu fundinn af hálfu ráðuneytisins Eiríkur Þorláksson og Berglind Rós Magnúsdóttir. Fundarefnið var Náttúruminjasafn Íslands. Í ljós kom að ráðherra og ráðuneytismenn eru vel inni í málinu og vinna nú með forstöðumanni Náttúruminjasafnsins að því að ná samningum við Náttúrufræðistofnun Íslands um safnkost. Þá kom fram að ráðuneytisfólkið telur að lóðin í Vatnsmýrinni sé enn inni í myndinni sem staður fyrir safn og fögnuðu fulltrúar HÍN því. Þá kom einnig fram hjá ráðherra að tónlistarhúsið Harpa væri aðalmálið hvað varðar miklar byggingarframkvæmdir á vegum ráðuneytisins, næst væri það Stofnun Árna Magnússonar og númer þrjú e.t.v. Náttúruminjasafn Íslands. Að mati fulltrúa HÍN var fundurinn vel heppnaður. Stjórn HÍN þarf að ákveða hvernig sé best að fylgja þessu eftir þannig að stjórnarsýslan skynji þrýsting frá samfélagi náttúrufræðinga.

**Heimsókn til Álfheiðar Ingadóttur.** Í framhaldi af fundi með mennta- og menningarmálaráðherra um málefni Náttúruminjasafns Íslands var haldinn fundur í febrúar með Álfheiði Ingadóttur, alþingismanni og fyrrum ritstjóra Náttúrufræðingsins. Hún sat um hríð í nefnd um

safnið og er öllum hnútum kunnug. Fulltrúar HÍN á fundinum voru Árni Hjartarson, Jóhann Þórsson og Rannveig Anna Guicharnaud. Álfheiður minnti á að lóðinni í Vatnsmýri var úthlutað undir safnið á 100 ára afmæli HÍN og því einskonar morgungjöf ríkis og borgar til félagsins. Einnig rifjaði hún upp að þáverandi menntamálaráðherra (Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir) og þáverandi borgarstjóri (Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson) hafi gefið Listaháskóla Íslands lóðina á umdeildum forsendum, en Listaháskólinn hafi látið hana frá sér í makaskiptum fyrir lóðir Björgúlfssfeðga í Skuggahverfi. Álfheiður taldi að lóðin við Öskju væri eftir hrun aftur komin í eigu ríkis eða borgar og að hún væri á deiliskipulagi enn skráð fyrir starfsemi náttúruminjasafns. Álfheiður lofaði að ýta á eftir málinu á vettvangi alþingis. Eftir þennan fund er stjórn HÍN heldur bjartsýnni en áður um að eitthvað kunni að gerast í málefnum Náttúruminjasafnsins. Næstu skref í málinu verða fundarhöld með umhverfisráðherra (2. mars n.k.) og viðræður við borgarsjóra. Mikilvægt er að knýja á um að lóðin við Öskju verði áfram hugsuð sem staður fyrir safnið og að sem fyrst verði hafist handa við framkvæmdir á henni.

**Styrkumsóknir.** Sótt var um styrki til Arionbanka, Landsbanka og Íslandsbanka vegna kynningarátaks fyrir Náttúrufræðinginn. Frá Arionbanka fengust 50.000 kr. en engin svör bárust frá hinum bönkunum. Þá var sótt um 1.000.000 kr. rekstrarstryk til umhverfisráðuneytis eða sömu upphæð og í fyrra, en þá höfðust 450.000 upp úr krafsinu.

**Umsagnir um frumvörp.** Fjöldmörg frumvörp frá Alþingi hafa verið send HÍN til umsagnar. Stjórn félagsins hefur ekki séð sér fært að senda frá sér athugasemdir eða álit. Bæði er oft erfitt að gera slíkt í nafni félags eins og HÍN og svo kostar slíkt talsverða vinnu sem engin þóknun kemur fyrir og raunar óvíst um þækklæti líka.

**Starfið framundan.** Aðalatriðið í starfinu framundan er að halda útgáfu Náttúrufræðingsins í horfinu þannig að ekki taki að myndast útgáfuhali á ný. Fjölga þarf félagsmönnum og auka auglýsingatekjur til að útgáfan standi undir sér. Ýta þarf jafnt og þétt á eftir málum Náttúruminjasafns Íslands.

Engar athugasemdir eða fyrirspurnir komu fram við málflutning formannsins.

### **3. Reikningar HÍN fyrir árið 2010.**

Kristinn J. Albertsson gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum félagsins (hjalagt). Einnig lagði hann fram reikninga fyrir Stefánssjóð. Reikningar voru uppáskrifaðir og samþykktir af skoðunarmönnum reikninga.

Gjaldkerinn fjallaði nokkuð um þróun neysluvísitölu og árgjalds HÍN og varpaði á tjaldið grafi máli sínu til stuðnings. Þetta gerði hann í ljósi ákvörðunar stjórnar HÍN á s.l. ári að auka útgáfutíðni Náttúrufræðingsins og gera tilraun til að gefa út fjögur stök hefti í stað 1-2 saman eins og verið hefur oftast á umliðinum áratugum. Tíðari útgáfu fylgir aukinn kostnaður, en ekki er ljóst hve mikil aukningin er. Eins og mál standa nú stendur fjárhagsrekstur félagsins í járnnum og má lítið út af bregða. Því þarf að bregðast við tíðari útgáfu og meðfylgjandi

kostnaðarauka með einhverjum hætti og liggur beinast við að hækka árgjald félagsins. Í máli gjaldkerans kom fram að ef árgjald HÍN fylgdi neysluvísitölu hefði það fyrir einstakling átt að hljóða upp á 5.203 kr. árið 2010, en var í staðinn 3.900 kr. Munurinn er um 1.300 kr. en á nýlegum stjórnarfundum var rætt um að hækka árgjald vegna einstaklingsaðildar um 300–500 kr. Það er á valdi stjórnarfundar að ákveða árgjaldið og lýstu stjórnarmenn yfir eindregnum vilja til að gera það.

Gjaldkerinn vakti athygli á hárru upphæð útistandandi skulda, um 1.173 þús. kr., sem er vegna uppsafnaðra, vangreiddra árgjalda nokkur ár aftur í tímann. Taldi gjaldkerinn einsýnt að afskrifa verði þessa skuld því of dýrt væri fyrir félagið að standa í málarekstri og þrasi gangvart einstaklingum fyrir ekki hærri upphæð en t.d. 3.900 kr.

Gjaldkerinn vísaði í orðræðu formanns félagsins um styrk frá Arionbanka að upphæð 50.000 kr. og gerði grein fyrir því að í reikningsuppgjör ársins vantaði þessa upphæð.

Fram komu fjórar athugasemdir og fyrirspurnir frá fundarmönnum.

Hilmar J. Malmquist, ritari HÍN, gerði grein fyrir því varðandi 50.000 kr. styrk frá Arionbanka, en ritarinn hafði frumkvæði að umsókn til Arionbanka auk Íslands- og Landsbanka um styrk til kynningarátaks á Náttúrufræðingnum, að líklega hefði láðst að upplýsa bankann um reikningsnúmer félagsins. Gjaldkeri og ritari HÍN munu skoða þetta til hlítar.

Valdimar Gunnarsson félagsmaður spurði hvað bankarnir sem sótt var til um styrki hefðu fengið fyrir sinn snúð, t.d. hvort þeim hafi verið lofað hagstætt verð fyrir auglýsingar í tímariti félagsins. Ritari félagsins upplýsti að sótt var í samfélagssjóði bankanna sem hafa almenn markmið. Í umsóknum HÍN til bankanna var höfðað til mikilvægis upplýsingamiðlunar um náttúru Íslands með útgáfu Náttúrufræðingsins. Ekki var minnst á auglýsingar í styrksúmsóknunum en ritarinn taldi það vel koma til greina.

Margrét Björnsdóttir félagsmaður taldi heillavænlegra fyrir félagið að halda þeim félagsmönnum inni á félagaskrá sem ekki stæðu skil á árgjöldum í stað þess að segja þá úr félaginu og afskrifa skuldir. Gefa ætti þeim sem ekki greiddu gjöld tækifæri á að gera upp skuldir sínar síðar og eða að afskrifa hluta skuldar og halda mönnum á félagaskrá. Gjaldkeri félagsins taldi þetta vert til athugunar.

Hilmar J. Malmquist færði í tal hvort ekki væri ástæða til að kanna hvort BYR sparissjóður væri tilleiddanlegur að veita félaginu afslátt á þjónustugjöldum (100–120 þús. kr. á ári) vegna mistaka bankans við útsendingu greiðsluseðla í desember 2010. Í skýringartexta á greiðsluseðlinum stóð að um væri að ræða árgjald 2011, en skýr fyrirmæli höfðu verið send af gjaldkera félagsins um að árgjaldið ætti við árið 2010, enda hefur það aldrei tíðkast að félagið krefji félagsmenn um árgjald áður en þeir hafa viðkomandi árgang í höndunum. Mistökin hafa kostað félagið töluvert af kvörtunum og úrsögnum. Gjaldkerinn og fleiri fundarmenn tóku undir þessa athugasemd.

Fundarstjóri bar reikninga ársins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða með öllum 11 atkvæðum.

#### 4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2010.

María Björk Sigurðardóttir hefur verið fulltrúi félagsins í Dýraverndarráði síðan árið 2007 og gerði hún grein fyrir því helsta í starfi ráðsins á árinu 2010. Meðal annars kom fram að verið er að endurskoða lög um dýravernd og lög um veiðar á villtum dýrum. Á meðal stjórnarmanna kom fram eindreginn vilji um að María Björk gegndi áfram starfi sem fulltrúi HÍN í Dýraverndarráði, en umboð hennar rennur út næsta vor. María Björk lýsti yfir fúsum vilja til þess.

Kristín Svavarsdóttir gerði grein fyrir starfi sínu sem tengiliður á samráðsvettvangi milli umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka sem gert hafa samning við ráðuneytið um fjárstuðning. Tengiliðurinn hefur m.a. milligöngu um að koma skilaboðum frá ráðuneytinu til samtakanna og gegnir samhæfingarhlutverki varðandi tilnefningar á sameiginlegum fulltrúum samtakanna í ýmsar nefndir. Dæmi um verkefni er vinna við endurskoðun á náttúruverndarlögum, en þar eiga frjálsu félagasamtökin tvo fulltrúa, þau Katrínu Theodórsdóttur lögfræðing (aðalmaður) og Hilmar J. Malmquist líffræðing (varamaður). Annað dæmi er ráðgjafanefnd um úthlutun úr Veiðikortasjóði sem umhverfisráðherra skipar til tveggja ára í senn. Þar eiga frjáls félagasamtök fulltrúa sem er Droplaug Ólafsdóttir, fyrirverandi stjórnarmaður í HÍN. Umboð Kristínar Svavarsdóttur rennur út n.k. vor og verður þá nýr tengiliður tilnefndur.

#### 5. Tillögur til ályktunar.

Stjórn félagsins bar upp tvær tillögur til ályktunar.

Ester Ýr Jónsdóttir, félagsins, flutti svohljóðandi tillögu um **Náttúrufræðimenntun**:

*„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 26. febrúar 2011 í Kópavogi, hvetur mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, eindregið til þess að beita sér af afli fyrir aukinni og betri náttúrufræðimenntun íslenskra grunnskólakennara og grunnskólanema. Mikilvægt er að við grunnskóla landsins starfi náttúrufræðikennarar með góðan og styrkan grunn í náttúrufræðum og að aðstaða til náttúrufræðikennslu í grunnskólum sé góð. Hið íslenska náttúrufræðifélag telur afar brýnt að vel sé að náttúrufræðikennslu staðið þannig að komandi kynslóðir séu í stakk búnar að umgangast dýrmætar auðlindir landsins á sjálfbæran hátt. Hrein ímynd landsins, náttúrufarsleg sérstaða þess og nái tengsl helstu atvinnuvega þjóðarinnar við náttúruna gera þær kröfur að íslensk ungmenni standa a.m.k. jafnfætis jafnöldrum sínum meðal annarra menntaðra þjóða hvað varðar læsi í náttúruvísindum.“*

Tillagan var samþykkt athugasemdalaust með 10 atkvæðum (1 sat hjá).

Með tillögunni fylgdi greinargerð sem send verður viðtakendum ásamt tillögunni.

Árni Hjartarson formaður félagsins flutti tillögu um **Náttúruminjasafn Íslands**:

*„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 26. febrúar 2011 í Kópavogi, hvetur mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, til þess að beita sér fyrir*

*uppbyggingu á húsnæði og sýningaraðstöðu fyrir Náttúruminjasafn Íslands þannig að sæmi íslenski þjóð, gestum hennar og sérstæðri náttúru landsins. Minnt er á ályktanir fyrri aðalfunda félagsins til fjölda ára um málefni Náttúruminjasafns, höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem félagið hefur sett á oddinn í meira en heila öld. Í samræmi við lög um náttúruminjasafn Íslands frá 17. mars 2007 telur HÍN einsýnt að ráðist skuli sem allra fyrst í uppbyggingu á veglegu og nýstárlegu náttúruminjasafni, sem hafi aðalstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, í námunda við önnur höfuðsöfn landsins og sé í nánnum tengslum við háskólaumhverfið.*

*Í þessu ljósi fer aðalfundur HÍN þess á leit við menntamálaráðherra að nú þegar verði gerðar kröfur sem fela í sér endurheimt lóðarinnar í Vatnsmýri, sem lengi var hugsuð fyrir þessa starfsemi, með það að augnamiði að hún verði á ný ótvírætt sá staður sem safninu er ætlaður. Reynist þessi leið ófær verði þegar hafinn undirbúningur að því að finna lóð undir safnhús sem tengst geti miðborg Reykjavíkur og háskólaumhverfinu með jafn ákjósanlegum hætti. HÍN lýsir sig reiðubúið til að leggja stjórnvöldum lið í hvívetna svo þetta þjóðþrifamál fái farsælan framgang.“*

Tillagan var samþykkt samhljóða og athugasemdalaust með öllum 11 atkvæðum.

## **6. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.**

Kjörtímabili þriggja stjórnarmanna, sem voru að ljúka öðru ári kjörtímabilsins, rann út á aðalfundinum. Þetta voru þau Ester Ýr Jónsdóttir, Esther Ruth Guðmundsdóttir og Hilmar J. Malmquist. Þremmenningarnir gáfu allir kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HÍN og voru þeir endurkjörnir einróma með öllum 11 atkvæðum.

Skoðunarmenn reikninga, aðalmennirnir Arnór Þ. Sigfússon og Kristinn Einarsson, og varamaðurinn Hreggviður Norðdahl, voru kjörnir einróma með öllum 11 atkvæðum.

## **7. Önnur mál.**

Fleiri mál voru ekki rædd.

## **8. Fundarslit.**

Formaður þakkaði fundarstjóra verk hans og sleit fundi um kl. 17:00.

Fundarritari Hilmar J. Malmquist